

05.22

Kvennalistinn - hugmyndir, áherslur og aðferðir

07.11.18

Hvar er hin pólitíska umræða?

Á þessu augnabliki er nokkuð erfitt að átta sig á stöðu Kvennalistsans í íslenskum stjórnmálum. Kosningarnar nú í vor ollu okkur óneitanlega vonbrigðum. Eftir sigurgöngu í kosningum og skoðanakönnunum (ef undan eru skildar borgarstjórnarkosningarnar 1986 í Reykjavík) hefur dregið úr innra krafti og eins hefur fylgi okkar minnkað samkvæmt könnunum. Ég held að skýringanna sé að leita bæði innan Kvennalistsans og úti í þjóðfélaginu. Það er mikilvægt að spyrja sig spurninga, rannsaka lifur og lungu okkar sjálfra, fá heilbrigðisvottorð og meðul ef þarf til að geta síðan haldið áfram.

Þáttaskil urðu í sögu Kvennalistsans haustið 1988 í þann mund er verið var að mynda núverandi ríkisstjórn. Eftir fyrsta kjörtímabilið og kosningarnar 1987 fékk Kvennalistinn á sig þá mynd í hugum fólks að innan hans væru konur sem sannarlega stæðu við sína meiningu, nokkuð sem er að verða nánast óþekkt meðal annarra stjórnmálaafila. Skoðanakannanir sýndu mikla fylgisaukningu til aflsins sem stóð með láglaunafólkinu og gerði kröfu um lágmarkslaun að úrslitaatriði við stjórnarmyndun. Við getum auðvitað velt því fyrir okkur hvort stjórnarstólarnir hafi nokkurn tíma staðið til boða í alvöru eða hvort við vorum yfirhöfuð tilbúnar, en það er önnur saga.

Það sem gerðist sumarið og haustið 1988 var að við vissum að stjórnin var að springa, en hjuggum okkur ekki undir komandi átök. Við vorum teknar í bólinu, stóðum fastar á því en fótunum að ekki kæmi til greina að fara inn í stjórn sem ekki ætlaði að veita verkalyðshreyfingunni aftur samningsréttinn sem sú fyrri tók af henni. Þessi afstaða var í fullu samræmi við það sem við höfðum sagt og gert fram til þess tíma, en eitthvað mjög alvarlegt gerðist þessa daga. Margt af því fólki sem undanfarna mánuði hafði sagst mundu kjósa Kvennalistann skipti um skoðun. Mörgum fannst Kvennalistinn hafa brugðist, við vorum sakaðar um ábyrgðarleysi og sagt var að við værum ekki í pólitík í alvöru. Hvað varð til þess að fólk fékk þessa mynd sem smám saman hefur verið að saxa á fylgi okkar (í skoðanakönnunum)? Gaman væri að eiga öll viðtöl á bandi eða á mynd til að geta farið yfir þetta og greint. Svo mikið er víst að í fjölmiðlum voru gerðar afdrifaríkar skyssur.

Reynslan frá 1987 og 1988 hlýtur að vekja spurningar um undirbúning okkar og ekki síður um nauðsyn þess að taka afstöðu til þess í tíma hverju vert sé að fórna fyrir ríkisstjórnarþátttöku. Hver eiga lágmarksskilyrði okkar að vera?

Í stjórnmálum verður maður að hugsa sig í gegnum hlutina, sjá fyrir það sem framundan er og taka afstöðu til þess. Kristín Einarsdóttir sagði mér frá því að hún hefði átt tal við aðstoðarutanríkisráðherra Bretu þegar Englandsdrottning var hér á ferð. Þau ræddu m.a. um ástandið í A-Evrópu og hvað verða myndi um Gorbatsjof. Þá kom fram að Bretarnir voru búnir að leggja niður fyrir sér alla hugsanlega möguleika. Færi Gorbatsjof frá ættu þeir þá að veðja á samskipti við Jeltsín? Næðu íhaldsöflin yfirhöndinni mætti búast við afturhvarfi og hvað þá? Hvað um herinn í Sovét ef hann tæki völdin o.s.frv. Þeir hugsuðu því nokkuð svipað og skákmenn eða nokkra leiki fram í tímann. Það er einmitt þetta sem er svo nauðsynlegt í stjórnmálum, að átta sig á straumum og vera tilbúinn með viðbrögð hvað sem gerist. Við höfum gagnrýnt íslenska stjórnmálamenn fyrir skort á fyrirbyggju og skammtímasjónarmið, en erum við eitthvað betri? Hugsum við fram í tímann, undirbúum við okkur nógu vel fyrir það sem koma skal? Mér finnst pólitísk starfsemi okkar hingað til ekki bera þess vitni og við þurfum að taka okkur á.

Því miður skortir mjög á pólitíska umræðu innan okkar raða. Ég á erfitt með að skilja að pólitísk samtök sem nánast aldrei ræða pólitík almennt geti átt sér langa lífdaga. Eins og er fer nánast öll pólitísk umræða fram innan þingflokksins og þar eru pólitískar ákvarðanir teknar. Þessu þarf að breyta snarlega, enda er ég viss um að upp úr pólitískum umræðum um ástand mála og hvernig við viljum hafa þjóðfélagið yrðu til margar hugmyndir og tillögur. Hvernig væri t.d. að byrja á umræðu um það hvað nú er brýnast fyrir konur og hvernig við viljum sjá þjóðfélagið eftir 100 ár?

Sjónarhorn kvennabaráttunar.

Í þeirri umræðu sem nauðsynleg er innan Kvennalistans hef ég satt að segja meiri áhuga á að líta inn á við og skoða **hverjar við erum og hvað við segjum** heldur en að velta mér upp úr þeirri mynd sem fjölmiðlar draga upp af okkur. Ég held nefnilega að við ráðum býsna miklu um þá mynd sjálfar. Ég ætla hér á eftir að ræða nokkrar hugmyndir sem hafa einkennt málflutning okkar allt frá byrjun, en þarf að skoða upp á nýtt og skerpa.

Fyrst langar mig að ræða það sem ég vil kalla **sjónarhorn kvennabaráttunnar**, eða um hvaða konur erum við að tala (sjá grein í Þjóðviljanum 13. júlí 1990).

Þegar við lögðum af stað í Kvennaframboðinu í Reykjavík 1982 byggðum við á þeirri grundvallarhugmynd að það væri fleira sem sameinaði konur en sundraði. Við vildum sýna og sanna að konur ættu sameiginlegan reynsluheim, þ.e. allt það sem mótar okkur sem konur og arfinn sem við berum frá kynslóð til kynslóðar. Þar með sögðum við stéttaskilgreiningum stríð á hendur og sögðum að allar stéttgreiningar gengju út frá körlum. Samkvæmt þeim væru konur alltaf séðar út frá körlum. Hér á Íslandi er allur meginþorri kvenna útivinnandi, launakonur sem eiga það sameiginlegt að hafa yfirleitt lægri laun en karlar. Þess eru mörg dæmi að konur sem hafa verið "vel" giftar hrynja niður þjóðfélagsstigann við skilnað, því staða fyrrverandi eiginmanns tryggir þeim auðvitað ekki neitt og segir ekkert um þær eða þeirra stöðu (það breytir ekki því að konur rétt eins og karlar verða fyrir ákveðinni og mismunandi félagsmótun sem ræðst af því umhverfi sem fólk elst upp í).

Áherslan á hina sameiginlegu reynslu sem gaf okkur mikinn styrk og efldi samstöðuna er auðvitað ein af okkar grundvallarhugmyndum, en hún hefur hins vegar orðið til þess að hin **mismunandi** reynsla kvenna hefur fallið í skuggann. Þegar betur er að gáð eru þær **konur** og **"hagsýnu húsmæður"** sem við erum að tala um fjölmennur en þó takmarkaður hópur kvenna.

Ef við skoðum málflutning okkar miðast hann fyrst og fremst við menntaðar konur á aldrinum 25-55 ára sem eru útivinnandi, eru í sambúð eða hjónabandi, eiga börn og búa í þéttbýli. Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var útbúið dreifirit um hina hagsýnu húsmóður sem fór þó aldrei út á göturnar m.a. vegna gagnrýni. Það var samið í hjartans einlægni en fyrsta setning þess er eitthvert besta dæmi sem ég hef rekist á um þetta þrönga sjónarhorn. Þar sagði: **hin hagsýna húsmóðir hugsar fyrst um börnin sín og gamla foreldra sína**. Sem sagt hún er yfir fertugt fyrst hún á gamla foreldra. Seinna koma fram að þessi hagsýna kona var útivinnandi, á kafi í pólitík og hún var ekki fötluð.

Ef við skoðum íslenskt þjóðfélag gefur auga leið að konur búa við misjafnar aðstæður. Íslenskar konur verða allra kvenna elstar. Konur hér á landi geta búist við að verða rúmlega áttæðar. Af þessu leiðir að hér er stór hópur gamalla kvenna, sem mun fara mjög vaxandi á næstu árum. Í stefnuskrám okkar í landsmálum er hvergi minnst á gamlar konur, bara aldraða. Gamlar konur eru bara hluti af massa, hluti af hóp sem þarfnast þjónustu. Margar gamlar konur eru eldhressar fram yfir nírátt, sbr. þessa 92 ára sem var að opna málverkasýningu nýverið. Margar þeirra eiga við sérstakan vanda að glíma, bæði hvað varðar heilsufar og kjör, enda flestar þeirra (enn þá) verið heimavinnandi húsmæður. Stærsti hópur gamalla kvenna býr heima hjá sér, á sér áhugamál og hefur af mikilli reynslu að miðla. Kemur kvennahreyfingunni ekki við hvernig kjörum gamalla kvenna er háttað?

Prófessor Margaret Stacy sem heimsótti Háskóla Íslands nú í vor og stóð fyrir fræðilegri kvennasmiðju, sagði okkur frá umræðum í Bretlandi um það að gömlum konum finnist þeim mismunað af kvennahreyfingunni. Það að verða gömul kona væri ekki par fínt umræðuefni en er þó að komast á dagskrá sem rannsóknarefni. Hún spurði hvort við kvenfrelsiskonur værum mótaðar af viðteknum hugmyndum um að **kona er bara kona** á meðan hún er á barneignaldri "fít" og falleg. Er það ekki einmitt það sem einkennir hugmyndir karla um konur og kemur svo glögg fram á vinnumarkaðnum? Ég held að breyta mætti kvenímyndinni verulega með því að draga gömlu konurnar betur fram í dagsljósið, þennan kvennamenningsjód sem við eigum.

Sama gildir um fatlaðar konur. Hingað til hefur ekki verið minnst á þær einu orði í stefnuskrá okkar, bara fatlaða. Trúum við því að það sé ekki sérstök kvenleg reynsla að vera fötluð kona?

Enn einn hóp kvenna vil ég nefna: einhleypar konur. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun voru giftar konur sem greiddu skatta árið 1989 alls 33941, eða 13,5% þjóðarinnar. Einhleypt fólk sem greiddi skatta þetta ár var samtals 39006. Ef við gefum okkur að konur séu helminngur ógifta er tala þeirra sem greiða skatt 19503 eða tæp 8% þjóðarinnar. Einstæðar mæður eru um 7000 talsins. Mörgum ógiftum, barnlausum konum finnst kvennabaráttan horfa fram hjá þeim, jafnvel að þær séu taldar annars flokks. Það er líka sérstök kvenleg reynsla að vera ógift, að ég ekki tali um barnlaus eða lesbísk. Er það sjónarmið kvennahreyfingarinnar að konur eigi að vera í sambúð og eiga börn?

Nei. Það getur ekki verið stefna hreyfingar sem lýsir því yfir í stefnuskrá að hún vilji **kvenfrelsi**. Kvenfrelsi þýðir samkvæmt mínum skilningi **frelsi fyrir allar konur til að velja sér það líf sem þær sjálfar vilja lifa**. Þess vegna hljótum við að víkka sjónarhornið, viðurkenna að við eigum allar sameiginlegan reynsluheim sem felst í því að við erum aldar upp sem konur, við erum settar á vissan bás sem konur og það eru gerðar ákveðnar kröfur til okkar sem kvenna. Síðan tekur við reynsla sem ákveðnir hópar eiga sameiginlega t.d. býr mjög stór hópur kvenna yfir þeirri reynslu að eiga barn/börn, en ekki allar. Ákveðinn hópur kvenna hefur ekki þá reynslu að vinna utan heimilis, hópur kvenna hefur gengið í gegnum hjónaskilnað o.s.frv. Það er öll þessi sérstaka reynsla sem við þurfum að opna augun fyrir og taka með í okkar málflutningi.

Kvennalistahópurinn í Reykjavík er að vonum mjög upptekinn af stöðu dagvistarmála í borginni, enda eru þau í miklum ólestri. Mamma mín (svo dæmi sé tekið) sem hefur verið útívinandi kona í 30 ár er að komast á eftirlaunaaldur. Hún hefur lítinn áhuga á dagvistarmálum, en hennar áhugamál og kvennanna sem vinna með henni eru lífeyrismálin. Hvernig mun þessum extravaktardrottningum á Borgarspítalanum ganga að sjá fyrir sér (þar í hópi eru m.a. ekkjur, ógiftar og fráskildar konur) þegar þær eiga að fara að lifa á eftirlaununum? Ég held á hinn bóginn að Kvennalistakonurnar á Akureyri hafi mun meiri áhyggjur af atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni en dagvistarmálum. Parna er munur á forgangsmálum kvenna eftir aldri og búsetu sem við þufum að hafa í huga, því allar hafa mikið til síns máls.

Þá vil ég minnst ögn á erlendar konur sem búa hér á landi, varla hafa þær náð inn fyrir okkar sjónarhring. Fyrir skömmu var sagt frá máli í fjölmiðlum sem varðaði pólska konu sem óafvitandi hafði undirritað kaupmála sem svipti hana öllum eignum búsins. Tailensku konurnar eru kapítuli út af fyrir sig og ég verð að segja að varðandi stöðu þeirra þurfum við að gera betur. Berum við virkilega svo mikla virðingu fyrir friðhelgi heimilisins og einkalífsins að við getum ekki tekið á þessum "kvennakaupum"?

Ég heyrði sögu af leigubílstjóra fyrir skömmu, sem var að fara í 7 sinn til Tailands, nú til að ná í konu númer tvö. Hin fyrri náði sér í betri kost. Hann bar því við að það væri svoddan vesen að nálgast þessar íslensku konur, hann væri svo feiminn o.s.frv. . Núna verða karlarnir þó að fara austur, því útlendingaeftirlitið setur það skilyrði að menn hafi að minnsta kosti séð konurnar áður en þær koma til landsins. Hvað segir þetta okkur um hugarfar þessa hóps karla og hvernig ætli þessum konum líði? Það var einu sinni eitt af slagorðum kvennahreyfingarinnar að gera ætti hið persónulega pólitískt, þ.e. það sem gerist í einkalífinu reynist þegar betur er að gáð vera sameiginleg reynsla margra og oft félagslegt vandamál.

Erum við ekki stundum allt of kurteisar, sem leiðir til þess að ekki er tekið á viðkvæmum málum? Getur það verið að innan kvennahreyfingarinnar séu til ákveðin "tabú", þ.e. mál sem snerta konur en ekki er tekið á.

Nóg um ólíka hópa kvenna að sinni, en af þessu þurfum við að draga lærdóma, tala til allra kvenna, þannig að sem flestum þeirra megi finnast þær eiga samleið með okkur.

Hvað vitum við um íslenskar konur?

Sú spurning hefur leitað á huga minn í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna hvort hugsanlegt sé að við drögum upp of dökka mynd af stöðu kvenna hér á landi. Er það hluti af skýringunni á minnkandi fylgi að konur kannist hreinlega ekki við (eða vilji ekki viðurkenna) þann veruleika sem við erum að lýsa?

Þegar við fórum af stað 1982 vildum við draga fram allt hið jákvæða í fari kvenna. Við sögðum: það er gott að vera kona, konur búa yfir jákvæðri reynslu sem þarf að nýttast við stjórnun þjóðfélagsins. Það þarf bara að breyta ýmsu svo að við fáum að njóta okkar og **við ætlum að breyta því sjálfar**. En hvað hefur gerst? Ég held að smátt og smátt hafi allt færst í gamla farið frá

áttunda áratugnum, við tölum oftast og oftast með armæðusvip um það hvað konur hafi það skítt. Þær eru lágt launaðar, kúgaðar, áhrifalausar, valdalausar, barðar, misnotaðar og þeim er nauðgað. Sjá konur sig almennt á þennan hátt? Ég held ekki. Þótt við séum ekki ánægðar með stöðu og áhrif kvenna í samfélaginu, verður ekki fram hjá því horft að stór hluti kvenna býr við góð lífskjör, í góðu húsnæði, hefur vinnu og flestar konur eiga þess einhvern kost að mennta sig. Að vísu ráðast kjörin mjög af stöðu eiginmannsins (sé hann til staðar). Ef við horfum út í heim eða aftur í aldir er ljóst að staða okkar er muni betri en áður var og að margt höfum við umfram aðrar heimsins konur. **Við eigum að tala í krafti þessarar stöðu, við viljum einfaldlega meira: það sem okkur ber.** Allt er þetta spurning um í hvaða tón er talað og við eigum að hætta öllu sífri, leggja íslenska barlóminn á hilluna, lýsa glæstri framtíð, vera þær sem krefjast. Við höfum kraftinn og réttinn okkar meginn. Við eigum að vera í sókn, en ekki vörn.

Í framhaldi af þessu vaknar sú spurning hvað við vitum um íslenskar konur? Við höfum í höndum ýmsar tölur um launakjör og atvinnuþátttöku, hlutföll í nefndum og ráðum, en hvað svo? Hvað vilja íslenskar konur? Hvernig skynja þær sjálfar sig? Hvaða hugmyndir hafa þær um lífið og tilveruna. Hverjar eru óskir þeirra og langanir? Það langar mig að vita. Og þá væri ekki síður ástæða til að kanna hjörtu og nýru íslenskra karlmanna. Hvernig lítur sjálfsmynd þeirra út? Ég finn alltaf meira og meira fyrir tómaraumi, mig skortir vitneskju, ekki síst þegar ég heyri lífsviðhorf nemenda minna sem eru býsna ólík því sem tíðkaðist þegar ég var á menntaskólaaldri.

Íslenskt samfélag er að breytast, erlend áhrif eru mikil og breyttir atvinnuhættir breyta hugarfari. Ef við ætlum að halda áfram sem kvennahreyfing sem fylgir straumi tímans og bregst við verðum við að afla okkur aukinnar vitneskju, hvernig sem við förum að því. Ég held að margt myndi skýrast með aukinni þekkingu t.d. um mismunandi hugmyndir kynslóða. Við þurfum m.a. að fá svar við því hvers vegna íslenskt samfélag hefur brugðist svona seint og illa við einhverri mestu byltingu sem orðið hefur í atvinnu- og fjölskyldulífi frá því að menn tóku sér fasta búsetu, en það er launavinna kvenna utan heimilis? Af hverju þessi sterku tregðulögmál hér, meðan þjóðfélög sem eru okkur náskyld (Norðurlöndin) brugðust mun betur við? Samt eru konur hér svo kröftugar. Getur það verið að við séum alltaf að hlífa körlunum og tölum bara hver við aðra? Komast skilaboðin ekki áfram?

Ég minnst sögu sem Helen Caldicott sagði af því er hún heimsótti breska þingið fyrir mörgum árum til að ræða við þingmenn um afvopnunarmál. Flestir þeirra voru eldri karlmenn og höfðu tekið þátt í síðari heimsstyrjöldinni. Þeir sáu öll átök fyrir sér eins og þau voru í styrjöldinni miklu og því komst hugmyndin um gjöreyðingu ekki inn í þeirra koll. Þeir vissu ekkert um nútíma vopnabúnað. Þeirra hugmyndaheimur tilheyrði því sem var. Gildir það sama um íslenska ráðamenn, sem ólust upp hjá mömmu. Léku sér í túnfætinum, eða úti á hættulausum götum og fengu alltaf heitan mat í hádeginu? Hvernig eiga þeir að skilja vanda nútíma barnafjölskyldna, ef þeir þekkja hann ekki af eigin raun?

Arfur sósíalismans.

Uppruni kvennahreyfingarinnar er einkum rakinn til þriggja hreyfinga og hugmyndastrauma sem upp komu á 18. öld. Hugmyndir upplýsingarinnar um náttúruréttinn, rétt manna til frelsis, lífs og eigna, rétturinn til að rísa upp gegn vondum stjórnvöldum, svo og sú hugmynd að allir menn væru fæddir jafnir kveikti í mörgum konum hugsjónaeld sem leiddi til kröftugrar kvennabaráttu.

Annar straumur einkum í Bandaríkjunum kom frá sértrúarhreyfingum eins og kvekurum sem tóku kenninguna um að allir væru jafnir fyrir guði alvarlega og leyfðu konum að gegna prestsembættum. Frá trúarhreyfingunum komu konurnar sem risu gegn þrælahaldi og brennivínspambi, ráku sig á fordóma, boð og bönn sem vörðuðu konur og ákváðu að láta ekki bjóða sér slíkt.

Þriðji straumurinn og sá sem kannski hefur haft hvað mest áhrif á kvennahreyfingar á síðari hluta 20. aldar er sósíalisminn. Kenningin um jafnrétti allra manna sem kemst á þegar búið er að breyta efnahagskerfinu, afnema arðrán manns á manni og verkalýðurinn hefur tekið völdin.

Straumur sósíalismans greindist í tvennt. Annars vegar voru þeir sem vildu breyta þjóðfélaginu á friðsamlegan hátt, með því að komast inn á þing og beita verkalýðshreyfingunni sem afli. Þeir náðu völdum m.a. á Norðurlöndum og hafa þar skapað þau þjóðfélög heimsins sem bjóða þegnum sínum upp á mest öryggi, best kjör og mest jafnrétti, þótt ýmislegt megi að þeim finna.

Hinn straumurinn lá í byltingaráttina. Þar sögðu menn: þeir sem eiga landið, fjármagnið og atvinnutækin munu aldrei láta neitt af sínu, það verður að taka þetta af þeim með valdi. Þau lönd sem fóru byltingarleiðina eru nú flest rjúkandi rúst. Ekki er annað hægt að segja en að sú tilraun til sköpunar fyrirmyndarríkisins hafi kafnað í blóði, alræði, kúgun, óhamingju og einhverri verstu umgengni við náttúruna sem um getur í sögu mannkynsins.

Í kjölfar hinna miklu atburða í A-Evrópu er óhjákvæmilegt að skoða þann hugmyndaheim sem kominn er frá sósíalísmanninum. Það er einkum þrennt sem mér verður starsýnt á í okkar hugmyndafræði og telja má til arfs sósíalísmans: forræðishyggju, stofnanatrú/trú á ríkisvaldið og hugmyndina um **Hreyfinguna** (Flokkinn).

Það er sennilega einkenni á öllum stjórnmálahreyfingum að boða nokkra forræðishyggju, þ.e. að hafa vit fyrir öðrum. Með því að setja fram hugmyndir um það hvernig þjóðfélagið eigi að vera er auðvitað verið að segja fólki hvernig lífi það eigi að lifa. Við erum að boða hvernig hið æskilega líf kvenna eigi að vera og er ekki nema gott eitt um það að segja, svo lengi sem ekki er farið að troða hugmyndum upp á fólk með valdi. Það er þó ekki þetta sem ég á við, heldur sú forræðishyggja sem birtist í daglegum málflutningi okkar og er í vissri mótsögn við hugmyndir okkar um valddreifingu og það að fólk geti sjálft haft áhrif á líf sitt.

Hér á landi er gífurlega sterkt ríkiskerfi sem teygir anga sína inn á nánast hvert einasta svið þjóðlífsins. Íslendingar eru algjörlega lagabryjáláðir, það þarf að setja lög og reglur um allt milli himins og jarðar. Ríkisvaldið skiptir sér endalaust af vinnumarkaðnum, í ríkisstjórninni er rætt um stöðu einstakra fyrirtækja og jafnvel málefni einstaklinga. Þarna finnst mér ríkisvaldið komið langt út fyrir sitt verksvið, en þetta ræðst auðvitað af því hve samfélag okkar er fámennnt. Það er sérstaklega áberandi hve landsbyggðin er altekin af trú á ríkisvaldið sem er þó lýst sem útsendara hins illa. Þar spyrja menn stöðug hvað ætlar ríkið að gera til að bjarga okkur, ekki hvað getum við gert? Eða eins og maðurinn sagði á Kópaskeri: hvað verður nú gert við okkur? Eins og menn séu lömb sem leiða á til slátrunar. Þessu fylgir um leið ákveðið ábyrgðarleysi, enginn ber ábyrgð á ástandi mála, allt er vonda kerfinu í Reykjavík að kenna. Mér finnst við ekki hafa tekið á þessu hugarfari, heldur hafa gengið út frá því að hlutverk ríkisvaldsins sé býsna viðtækt (sjá stefnuskrá).

Forræðishyggjan birtist í kröfum á ríkisvaldið, ríkið á að gera þetta og gera hitt, en minni áhersla er lögð á frumkvæði fólks, að það taki málin í sínar hendur, taki valdið úr höndum ríkisins. Viljum við ekki valddreifingu? Þetta vil ég rökstyðja betur með því að taka fyrir næsta hugtak sem er stofnanatrúin sem mér finnst í raun í andstöðu við kvenfrelsinhugmyndir.

Við búum í þjóðfélagi sem einkennist af því að öllum þegnum er tryggður sami réttur lögum samkvæmt. Á Norðurlöndunum erum við komin það langt í jafnréttisátt að öllum þegnum er boðið upp á sömu grunnmenntun. Við þurfum ekki að fara langt til að finna lönd þar sem verulegur greinarmunur er gerður á fólki eftir því úr hvaða skólum það kemur. Þetta "jafnrétti" svo langt sem það nær er auðvitað af hinu góða, en það breytir ekki því að samfélagið er karlstýrt og hefur þróast út frá hagsmunum karla. Hér gilda ýmsar reglur í samskiptum sem tryggja veldi karla. Ákveðnar stofnanir samfélagsins viðhalda þessu kerfi. Þar má nefna, dagvistarstofnanir, skóla (Háskóli Íslands er eitt alls herjar musterir karlveldisins), dómstólar, vinnumarkaðurinn o.fl. Við vitum allar að félagsleg þjónusta er konum mjög nauðsynleg eins og þjóðfélagið er núna, en við hljótum að setja spurningamerki við **gæði** þjónustunnar, vegna þess hvernig hún mótast einstaklingana og hún viðheldur karlveldinu.

Mér hefur fundist skorta á gagnrýni á stofnanir þjóðfélagsins og mér finnst Kvennalistakonur oft hafa farið í vörn fyrir þessar stofnanir, jafnvel viljað koma í veg fyrir annað en ríkisrekstur t.d. á dagvistarstofnunum og skólum. Ég vil hafa rétt til þess að stofna kvennaskóla ef mér finnst þörf á því. Mér finnst foreldrar eiga fullan rétt á að stofna sín eigin dagvistarheimili og reka þau félagslega. Mér finnst líka veruleg spurning hvort ekki eigi að stuðla að fleiri dagvistarstofnunum í tengslum við vinnustaði. Ég held að hugmyndin um hinn vonda atvinnurekanda sem geti notað dagvistarrými sem vopn gegn konum sé arfur gamals tíma, ættuð frá sósíalísmanninum. Það eru hagsmunir atvinnurekenda að hafa traust vinnuafl, ánægðar starfsmenn sem búa við sem mest öryggi. Ég held einmitt að við ættum að beina sjónum meira að atvinnulífinu og fá atvinnurekendur til samstarfs í stað þess að líta á þá sem pestargemlinga, auk þess sem við eigum auðvitað að stofna okkar eigin félagslega reknu fyrirtæki (af því að okkur lætur svo vel að vinna saman), sem búa konum fyrirmyndaraðstöðu.

Mér finnst ekki hægt að fordæma fólk sem grípur til eigin ráða, þegar aðstæður þess verða óþolandi. Við eigum að rísa upp gegn vondum stjórnvöldum, en auðvitða á líka að gera réttlátar kröfur á hendur ríkisvaldinu. Það sem ekki á að líðast er að almannafé sé notað til að auka misrétti milli manna (sbr. Tjarnarskóla).

Til að draga saman má því segja að kvenfrelsiskonur sem vilja breyta þjóðfélaginu geti ekki tekið stofnanir þjóðfélagsins góðar og gildar, við verðum að breyta þeim eða að byggja nýjar upp frá grunni.

Þá er það **hreyfingin** með stórum staf. Ég held að við berum allar hlýjar tilfinningar til Kvinnalistsins, hann er hreyfingin okkar. Spurningin snýst um það hvenær og hvort hreyfingin fer að lifa sjálfstæðu lífi, verður eins og einhvers konar mannvera, sem hefur forgang fram yfir einstaklingana sem í henni eru (rétt eins og gömlu kommúnistaflokkarnir). Ég er að velta þessu fyrir mér af því að ég held að við komum stundum illa fram við einstaklinga innan okkar raða, vegna **hreyfingarinnar**.

Þannig er gerð mikil krafa um einingu í skoðunum og konur hafa lýst því hve erfitt það er að vera á öndverðum meiði við meirihlutann. Það virðast vera til réttar skoðanir og rangar. Sérstaklega gildir þetta þó þegar verið er að stilla upp á framboðslista. Þá lendum við í einkennilegri klemmu. Við höfum litið svo á að við séum allar jafnar innan Kvinnalistsins (hvort sem það svo er rétt). Þegar kemur að uppstillingu á lista standa konur frammi fyrir því að fara að gera upp á milli kvenna, þá þarf að velja konur vegna persónulegra eiginleika þeirra, eða hversu góðar þær eru sem talsmenn Kvinnalistsins. Hagsmunir hreyfingarinnar krefjast þess að fulltrúarnir séu sem allra bestir. En hvernig á að fara að því að greina konum frá því að einhver önnur hafi verið tekin fram yfir hana, án þess að konur upplifi höfnun og jafnvel óréttlæti? Þarna þarf að feta vandfarið einstigi sem bæði tekur mið af hagsmunum hreyfingarinnar og tilfinningum einstaklinganna sem í hlut eiga. Þetta þurfum við að ræða og kanna hvort betri aðferðir séu til við uppstillingu á lista en þær sem við nú notum, um leið og okkur ber að sýna hver annarri virðingu.

Lýðræðið.

Þegar kvinnahreyfingin reis upp á sjöunda áratugnum skipulagði hún sig á annan hátt en áður hafði þekkt. Ekki var kjörin nein forysta, heldur var byggt á hópum sem skipulögðu sig sjálfir og tóku fyrir ákveðin verkefni. Þetta er hin svokallaða flata bygging. Þetta skipulag tókum við í arf frá Rauðsokkahreyfingunni, en það byggist á þeirri hugmynd að allar eiga að hafa jöfn áhrif. En er það þannig í raun? Hvernig er lýðræðinu háttað?

Sú regla varð til í Kvinnalistanum að forðast atkvæðagreiðslur en að reyna sem oftast að komast að samkomulagi eða það sem kallað er **consensus** á erlendum málum. Til að svona kerfi sé virkt og réttlátt verða helst allir að láta skoðun sína í ljós. Þetta hefur oftast gefist vel, en þó hafa komið upp mál þar sem maður efast um og veit reyndar ekki hvort vilji meirihlutans hafi orðið ofan á. Stundum hefur mér fundist sem verið væri að snúa lýðræðinu alveg á haus þegar ég hef heyrt sjónarmið eins og þetta: ætla nú meirihlutinn að fara að kúga minnihlutann!

Í mínum huga felst lýðræði í því að vilji meirihlutans ráði. Þar með er ekki sagt að meirihlutinn hafi alltaf rétt fyrir sér, en það er mjög óeðlilegt að minni hluti ráði för. Þetta vekur þá spurningu hverjar taka ákvarðanir í raun. Við höfum oft upplifað það í Reykjavík þegar erfið mál eru til meðferðar að það er talað og talað í marga hringi, kvöldið líður og konur fara að koma sér heim. Að endingu eru það þær sem þaulsætnastar eru sem taka ákvörðun. Eins hefur það komið fyrir að mjög digurbarkalegar skoðanir verða ofan á þótt rökin kunni að reynast veik og það sem stungið er upp á ekki í neinu samræmi við veruleikann.

Rannsóknir hafa verið gerðar á kvinnahreyfingum erlendis til að kanna hvernig ákvarðanataka fer fram í raun og meðal annars er til grein sem heitir á ensku: "The Tyranny of Structurelessness" (einræðið í skipulagsleysinu/flata kerfinu). Þar segir að innan kvinnahreyfinga verði gjarnan til hópar sem standa saman, byggðir á vináttu (klíkur) miklu fremur en einhvers konar valdasamsæri. Slíkir hópar geta sett reglur sem tryggja áhrif þeirra og sjá til þess að "öfgahópar" nái ekki yfirhöndinni.

Það er forvitnilegt að velta fyrir sér hvernig þessu er háttað innan okkar raða. Ég held að við getum fullyrt að konur hafi mjög mismunandi vægi innan Kvinnalistsins. Þeim er skipt í hópa og falin verkefni í samræmi við það svo sem: hugmyndafræðingarnir, konurnar með skemmtilegu hugmyndirnar, þungaviktarkonurnar (þingkonur), kaffikonurnar o.fl. Þetta á sér eðlilegar

skýringar, konur hafa einfaldlega mismunandi þekkingu og búa yfir mismunandi reynslu. Ég held að við eigum að vinna sem mest gegn þessu, fela konum alls konar verkefni, hlusta á öll sjónarmið (svo lengi sem þau samrýmast kvenfrelsispólitík), þó ekki þannig að verið sé að etja konum út í eitthvað sem þær ráða ekki við, það er hvorki þeim né hreyfingunni til góðs.

Það væri gaman að fá einhverjar utanaðkomand konur til að koma á fundi okkar og ráðstefnur, biðja þær að fylgjast með og greina starfshætti okkar, hverjar tala, hverjar tala ekki, á hverjar er hlustað, er valtað yfir konur o.s.frv. Allt er þetta umhugsunar- og umræðuvert og aðeins til bóta að auka jafnréttið innan okkar raða.

Kvennasamstaðan.

Hugmyndin um sameiginlegan reynsluheim kvenna leiðir af sér að konur eigi að standa saman í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna. Þegar við fórum af stað reyndum við töluvert að höfða til kvenna í öðrum stjórnmalasamtökum. Við sögðum að konur ættu að velja sér þá leið sem hverri og einni hentaði best, en konur hlýtu að geta staðið saman að vissum málum. Því miður hefur reynslan kennt okkur að þær konur sem eru í stjórnmalaflokkunum gömlu eru svo rígbundnar af flokksreglum og flokkshollustu að þær greiða jafnvel atkvæði gegn tillögum sem snerta hagsmuni kvenna. Flokkurinn kemur langt á undan kvennabaráttunni. **Eru þessar konur í kvennabaráttu?** Sumar segjast vera það, en það er að verða skýrara og skýrara í mínum huga að þær eru fæstar á þeim buxunum (pilsunum), þótt vissulega séu þar undantekningar á. Ég held að lang flestar þær konur sem eru í stjórnmalum líti á kvennabaráttuna sem spurningu um framtak og frama einstaklingsins, að koma konum að og áfram, þá verður allt í lagi. Þær leita sér í mesta lagi andlegs stuðnings meðal annarra kvenna. Í það minnsta örlar varla á kvennapólitískum sjónarmiðum í íslensku stjórnmalaflokkunum. Þar hefur umræðan ekki náð lengra en um hlutföll karla og kvenna á framboðslistum eða í stofnunum flokksins.

Skiptir nokkru máli hvort um karl eða konu er að ræða ef konurnar beita sér ekkert í þágu annarra kvenna? Að vísu getur stundum verið um skoðanamun að ræða á því hvað komi konum best, en því miður finnst mér flestar konurnar sem eru fulltrúar gömlu stjórnmalaflokkanna á Alþingi og í sveitarstjórnnum þar sem ég þekki til **hafa brugðist konum**. Það skiptir nefnilega öllu máli með hvaða hugarfari konur koma inn sem fulltrúar.

Sem dæmi vil ég nefna að á meðan Kvennaframboðið í Reykjavík átti fulltrúa í stjórn Kjarvalsstaða 1982-1986, varð veruleg aukning á kaupum á listaverkum eftir konur. Fulltrúinn þar var vakandi yfir því hlutverki sínu að bæta hag kvenna. Á næsta kjörtímabili áttum við ekki fulltrúa í nýrri menningarnefnd en þar voru margar konur. Hvað gerðist? Það dró verulega úr kaupum á verkum eftir konur.

Við höfum frá upphafi verið ákaflega kurteisar í okkar málflutningi og höfum gert lítið af því að gagnrýna aðrar konur, allt í nafni kvennasamstöðunnar. Ég spyr hvort ekki þurfi að verða breyting á og hvort við ættum ekki að benda mun betur á þennan mun á konum en við höfum gert? Eigum við að hlífa konum sem jafnvel vinna gegn öðrum konum?

Þarna komum við að sérstöðu okkar sem ég held að við þurfum að undirstrika mun betur í öllum málflutningi. Tilvera okkar sem stjórnmalaafls byggist á því að við viljum tryggja hagsmuni kvenna og það hlýtur að koma fram í orðum okkar og gerðum, annars er eitthvað að.

Leiðir í kvennabaráttunni.

Allar hugsjónahreyfingar þurfa að velta því fyrir sér hvort þær séu á réttri leið og hvort hægt sé að bæta baráttuaðferðir. Mér sýnist vera um þrjár leiðir að ræða í kvennabaráttunni. Fyrsta leiðin er sú sem gamla kvenréttindahreyfingin og stærstur hluti kvennahreyfinga sjöunda og áttunda áratugarins fóru, þ.e. að standa utan við kerfið og þrýsta á utan frá. Þetta var mjög eðlileg leið fyrir konur á 19. öld af því að þær höfðu ekki aðgang að kerfinu. Kvennahreyfingin eftir 1960 hafði mikla ótrú á "kerfinu" og það ríkti mikil trú á baráttuhreyfingum sbr. mannréttindahreyfinguna í Bandaríkjunum sem náði verulegum árangri. Ekki verður annað sagt en að konur hafi náð ýmsu fram með þessari leið og reyndar hlýtur alltaf að vera þörf fyrir baráttuhreyfingar sem beita þrýstingi því ekki komast allir sem vilja í einhverjar kjörnar fulltrúastöður. Ég sakna þess að hér á landi skuli ekki vera starfandi kvennahreyfing sem beiti okkur þrýstingi og aðhaldi, hreyfing sem við gætum rætt við um markmið og leiðir.

Leið númer tvö er sú sem við höfum farið, þ.e. að leita inn í kerfið til að breyta því innan frá. Við efumst ekki um að við höfum haft áhrif á ýmsan hátt, en sagan á eftir að sýna hver langtímaáhrifin verða. Þetta hafa konur gert innan stjórnmálaflokka, sums staðar með góðum árangri eins og á Norðurlöndunum, þar sem bæði var komið á kvóta og eins settu margir flokkar upp sérstakt kvennaprógramm. Eins og fram kemur hér á undan gildir þetta aðeins að takmörkuðu leyti hér á landi.

Kvennalistaleiðin hefur marga kosti. Í fyrsta lagi eiga konur sérstakan málsvara sem er óbundinn hagsmunaöflum og flokkslögmálum. Í öðru lagi verkar hún sem þrýstingur á önnur stjórnmálöfl, nýjar hugmyndir koma fram og margar konur fá tækifæri sem þær hefðu ekki annars fengið o.s.frv. Gallinn er hins vegar sá að þessi leið er bundin því að nokkuð stór hópur fólks sé sammála því sem verið er að gera. Framboðsleiðin krefst fylgis og því kunna lífslíkur hennar að vera takmarkaðar. Það sýndi reynsla kvenna fyrr á öldinni. Hvað um það við erum enn sannfærðar um að við séum á réttari leið og á meðan við höfum fylgi og gerum gagn, höldum við áfram.

Þriðja leiðin er svo sú sem ég kalla **Kvennanetið**, hún hefur ekki enn verið reynd. Hún byggist á þeirri hugmynd að fara svipaða leið og kristnir söfnuðir fóru á sínum tíma og verkalýðshreyfingin að nokkru leyti, að byggja upp **ríki í ríkinu**. Konur eigi að byggja upp sín eigin fyrirtæki, banka, skóla o.s.frv., styðja og styrkja hver aðra, þar til ekki verður fram hjá þeim horft sem afli í samfélaginu. Viss vísir að þessu er til t.d. í Bandaríkjunum þar sem konur eru að byggja upp eigin fyrirtæki í síauknum mæli. Þessi hugmynd byggir á því að um ólíka heima kvenna og karla sé að ræða, heimur kvenna er ósýnilegur og víkjandi, heimur karla sýnilegur og ríkjandi. Til að kvennanetið verði að veruleika verða konur að viðurkenna þessa greiningu á samfélaginu og þar vandast málið.

Saman eða sér?

Mig langar að lokum til að velta aðeins fyrir mér hugmyndinni **saman eða sér**, eiga konur að heyja baráttu sína áfram einar á báti eða á að beina sjónum meira að karlmönnum og sameiginlegum hagsmunum kynjanna.

Hugmyndaheimur vestrænna manna er mótaður af því sem kallað er tvíhyggja (dualismi). Við stillum öllu upp í andstæður svo sem svart/hvítt, himinn/helvíti, gott/vont o.s.frv. Riane Eisler hefur í bók sinni **"The Chalice and the Blade"** bent á að áður en karlveldið kom til sögunnar endur fyrir löngu hafi ekki verið til mæðraveldi, heldur samfélög sem voru miklu heildstæðari en það sem við þekkjum, þ.e. mun meira jafnræði milli kynjanna/þegnanna. Leifar af slíkum samfélögum voru til allt fram á þessa öld, t.d. bar hugarheimur margra indíánaþjóðflokka þessu vitni. Þeir litu á náttúruna sem heild, en ekki maður andspænis náttúru eins og er svo einkennandi fyrir vestrænan menningarheim. Riane Eisler bendir á að hugmyndir kvennabaráttunnar séu mótaðar af tvíhyggjunni. Menn sögðu þegar þeir fóru að kanna rústir fornra samfélaga og fundu þar ekki merki um karlveldi (vopn o.fl.): fyrst þetta voru ekki karlveldi, þá hljóta þau að hafa verið mæðraveldi. Andstæða karls er jú kona. Vestur í Bandaríkjunum fer fram umræða um það hvort kvennabaráttan muni ná árangri með því að stilla konum alltaf upp andspænis körlum, hvort ekki sé mun nær (ef ég skil þetta rétt), að taka stefnuna á hinn heildstæða heim, ganga út frá samvinnu og samruna þessara tveggja heima. Þessar hugmyndir fela ekki í sér neins konar afturhvarf eða viðurkenningu á karlveldinu eftir því sem ég best fæ séð, miklu frekar er um tilraun til nýrrar hugmyndasköpunar að ræða.

Við höfum lagt áherslu á sérstöðu kvenna og finnst við þurfa að undirstrika hana á leiðinni til framtíðarlandsins. Við höfum litið svo á að konum sé nauðsynlegt að starfa í eigin hreyfingum, enda reynslan kennt okkur að öðru vísi eru konur gleypar með húð og hári. Samt vaknar sú spurning hvort við höfum ekki gert allt of lítið af því að tala við karlmenn, beina orðum okkar og kröfum til þeirra, fá þá til að skilja um hvað við erum að tala. Erum við haldnar tvíhyggju sem segir okkur að karlveldið sé andstæðingur sem við þurfum að passa okkur á og sigra?

Ég hef alltaf skilgreint karlveldið sem ákveðið kerfi hugmynda og hagsmuna sem hefur ávinning af að halda konum niðri. Eru til aðrar leiðir til að breyta karlveldinu en að "berja" á því utan frá, eða að ryðjast inn fyrir þess helgu vé? Til dæmis sú að benda á sameiginlega hagsmuni, vinna hugmyndum fylgi? Það hlýtur alla vega að vera kostur að við þekkjum karlveldið og skiljum lögmál þess og að "það" (þarna tala ég um karlveldið eins og lifandi veru, með sjálfstæða tilveru) átti sig á nýjum kröfum um réttlæti í þjóðfélaginu. Óneitanlega hefur umræðan eins og hún hefur farið fram (sbr. umræðuna um ofbeldi gegn konum og börnum) orðið til þess að stilla mörgum karlmönnum upp við vegg, þeim finnst þeir bornir röngum sökum, þegar verið er að tala um ákveðin

verið að tala hver við aðra árum saman, við eigum að halda því áfram, en um leið að fara að tala meira við karlkynið.

Hér hefur verið farið vítt og breitt um völlinn og mætti eflaust taka ýmislegt fleira fyrir. Ég hef hér sett á blað margt af því sem ég og aðrar konur höfum verið að velta fyrir okkur á undanförunum árum, allt í þeim tilgangi að við megum feta stíg kvennabaráttunnar áfram, lengra og hærra.

Þessi grein er að stofni til erindi sem ég flutti á Vorþingi Kvinnalistans 1990, en er hér mjög aukin og endurbætt.

Reykjavík 15. júlí 1990

Kristín Ástgeirsdóttir